



Fundargerð

257. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands
haldinn föstudaginn 18. september 2026 kl. 11:00 að Austurvegi 65a, 800 Selfossi

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson (í fjarfundabúnaði), Örn Friðriksson (í fjarfundabúnaði), Kjartan Ólafsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Sigurður Rafn Hilmarsson, og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Oddur Árnason boðaði forföll, í hans stað mætir Sigurður Rafn Hilmarsson.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna. Gengið er til dagskrár.

1. Starfsleyfi, skráning, afturköllun og höfnun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a. Starfsleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2609060HS	Starfsleyfi - breyting á húsnæði	Laugarvatn Fontana ehf – gufa	840	17.09.2026
2609053HS	Starfsleyfi ný starfsemi –	Brúsar ehf. - framleiðsla á plastbrúsum	810	16.09.2026
2609051HS	Starfsleyfi endurnýjun	Syðri Rot ehf. sumarhús Efri Rot	861	15.09.2026
2609025HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Magma hotel - KNOX Hotels ehf.	881	11.09.2026
2609025HS	Starfsleyfi eigendaskipti	AAM ehf. -Ísbúðin okkar	810	07.09.2026
2609022HS	Starfsleyfi ný gisting í sumarhúsi	Core Cabins - Aurora Rentals ehf.	805	07.09.2026
2609007HS	Starfsleyfi ný gisting	Lake cabin ehf.	851	02.09.2026
2609008HS	Starfsleyfi ný gisting Lautarbrekka 14	Eignaborg ehf.	805	02.09.2026
2608096HS	Starfsleyfi ný gisting	Giljatunga ehf.	805	31.08.2026
2608095HS	Starfsleyfi endurnýjun	Byggðasafn Árnesinga - Húsið/Sjóminjasafn	820	31.08.2026
2608079HS	Starfsleyfi - söluturn	Penninn ehf. - Penninn Eymundsson - Vík	870	28.08.2026
2608080HS	Starfsleyfi nýtt	TLFC Vík ehf. - Fish and Chips Vík í Mýrdal	870	28.08.2026
2608078HS	Starfsleyfi stækkun gististaðar	Andrés Sigurbergsson - Ferjukot	816	28.08.2026
2608073HS	Starfsleyfi nýtt	Landsvirkjun - Sigalda - starfsmannabúðir og vatnsveita	851	27.08.2026
2608072HS	Starfsleyfi gististaður	Ragnheiður Jónsdóttir - Rein 2 Cabin	861	26.08.2026
2608065HS	Starfsleyfi - tímabundið v/bjórhatið Ölverks	Ölverk, Breiðumörk 2, Hveragerði - Einfalt ehf.	810	25.08.2026
2608043HS	Starfsleyfi stækkun	Ormskot ehf. - Sky retreat Iceland gisting	861	18.08.2026
2608047HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsveita Árnesi, Skeiða- og Gnúpverjahreppur	804	18.08.2026



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2608050HS	Starfsleyfi nýtt	Mötuneyti grunn- og leikskóla - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	804	18.08.2026
2608046HS	Starfsleyfi vatnsveita Þóróddsstaða	Þóróddur ehf.	805	18.08.2026
2608032HS	Starfsleyfi endurnýjun	Prentmet ehf	800	14.08.2026
2608030HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Kerlingarfjöll ehf. - Fjallaskálinn Eiríksskáli	845	13.08.2026
2608023HS	Starfsleyfi - Breyting á starfsleyfi	Gistiheimilið Flúðum - Flúðir rekstur ehf.	845	11.08.2026
2608020HS	Starfsleyfi	Iceland inn travel ehf.	804	11.08.2026
2608021HS	Starfsleyfi - tímabundið vegna réttarballs uppsveita	Sonus viðburðir ehf.	845	11.08.2026
2608013HS	Starfsleyfi, breyting	Ofanleiti gisting - H.Hjöll ehf.	900	07.08.2026
2608011HS	Starfsleyfi Blómstrandi dagar tímabundið	Hveragerðisbær	810	07.08.2026
2608012HS	Starfsleyfi Töðugjöld tímabundið	Rangárþing ytra	850	07.08.2026
2607186HS	Starfsleyfi ný gisting	Árhvammur, gistiheimili - NA import ehf.	861	29.07.2026
2607181HS	Starfsleyfi - gisting	1207 ehf. - Giljatunga 29 - sumarhús	805	29.07.2026
2607175HS	Starfsleyfi ný vatnsveita Ytra- Seljalandi	Krosshólsveita vatnsveita - Hnaukar ehf.	861	28.07.2026
2607180HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Hulda Karólína Harðardóttir - Böðmóðsstaðir 2a	806	28.07.2026
2607174HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Bitra hótél ehf. - Bitra gistiheimili	803	28.07.2026
2607170HS	Starfsleyfi tímab. Hamingjan við hafið	Tónræktin ehf.		27.07.2026
2607157HS	Starfsleyfi Búðarfossnáma, Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Vegagerðin	851	23.07.2026

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

b. Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttækið
2609029HS	Skráning starfsmannabúðir við Sigölduvirkjun	Ístak hf.	851	09.09.2026
2609027HS	Skráning tímabundin vegna flugeldasýningar Eyrarbakka 21. nóv. 2026	Slysavarnafélagið Landsbjörg Námskeið fyrir skotstjóra	820	09.09.2026
2608081HS	Skráning niðurrif - tímabundið	Kristinn Pálsson, Skúlagata 1	806	31.08.2026
2608063HS	Skráning tattústofa	Sindri Daði Rafnsson	800	24.08.2026
2608048HS	Skráning - fjarlægning olíugeymis	Festi hf. N1 Hvolsvelli	861	18.08.2026
2608038HS	Skráning tímabundin, flutningur jarðvegs í Sorpu	Óskatak ehf.	800	17.08.2026
2608017HS	Skráning - ný starfsemi	Tvær stjórnur heilunarheimur ehf	810	11.08.2026
2607189HS	Skráning	Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf	803	31.07.2026
2607171HS	Skráning - Hamingjusýningin Flugeldasýning	Tónræktin ehf.	815	27.07.2026



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2607169HS	Skráning Flugeldasýning á Töðugjöldum 2026	Rangárþing ytra	850	24.07.2026
-----------	--	-----------------	-----	------------

Staðfesting afgreiðslu

c. Tóbakssöluleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2608075HS	Tóbakssöluleyfi - endurnýjun	Olís ehf. Arnbergi, Selfossi	800	27.08.2026
2608067HS	Tóbakssöluleyfi endurnýjun	Samkaup hf. Laugarvatni	840	25.08.2026
2608056HS	Tóbakssöluleyfi, endurnýjun	N1 ehf. Vestmannaeyjum	900	21.08.2026
2608057HS	Tóbakssöluleyfi, endurnýjun	N1 ehf. Hveragerði	810	21.08.2026
2608059HS	Tóbakssöluleyfi, endurnýjun	N1 ehf. Hvolsvelli	860	21.08.2026

Staðfesting afgreiðslu

d. Afturköllun / höfnun starfsleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2609023HS	Starfsleyfi fyrir borholu hafnað vegna lagabreytinga í mars sl. – fært til UOS	Eldisstöðin Íspór ehf.	815	07.09.2026
2609024HS	Starfsleyfi fyrir borholu hafnað vegna lagabreytinga í mars sl.– fært til UOS	Arnarlax ehf.	815	07.09.2026
2608008HS	Starfsleyfi hafnað Gistileyfi samrýmist ekki skipulagi-	Friður ehf. - Hellu Gisting, Faxesflatir 4	850	05.08.2026
2608097HS	Starfsleyfi hafnað - uppfyllir ekki kröfur skipulags- og byggingafulltrúa	Gospel Channel Evrópa ehf. - Ljósafossskóli	805	31.08.2026
2608045HS	Starfsleyfi hafnað Gistileyfi samrýmist ekki skipulagi-	Hvítárnes Luxury Villa	805	18.08.2026
2608036HS	Starfsleyfi hafnað Gistileyfi samrýmist ekki skipulagi-	Hvítárnes Luxury Villa	805	17.08.2026
2608060HS	Afturköllun starfsleyfis, eigendaskipti	South Iceland Guesthouse - Gamla fjósið ehf	861	21.8.2026

Staðfesting afgreiðslu

e. Umsagnir til sýslumanna Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2609020HS	Rekstrarleyfi áfengisveitingastaður	Reykjaböð Hot Springs ehf.	810	07.09.2026
2609011HS	Rekstrarleyfi gisting í sumarhúsi	Vorsheimar ehf.	804	03.09.2026
2609009HS	Rekstrarleyfi Lautarbrekka 14 nýtt	Eignaborg ehf.	805	02.09.2026
2608068HS	Rekstrarleyfi gististaður	Ragnheiður Jónsdóttir - Rein 2 Cabin	861	25.08.2026
2608040HS	Rekstrarleyfi eigendaskipti gisting	Bitra hótél ehf.	803	18.08.2026
2608034HS	Rekstrarleyfi nýtt gistileyfi	Mosagarður ehf. - Mosaskjól	881	17.08.2026
2608025HS	Rekstrarleyfi breyting	Ormskot ehf. - Sky retreat Iceland gisting	861	11.08.2026
2607187HS	Rekstrarleyfi nýtt gistiheimili	NA import ehf.	861	29.07.2026
2609033HS	Tækifærisleyfi lengri opnun Syndabælið	Lindarfiskur ehf.	870	11.9.2026
2608076HS	Tækifærisleyfi vegna tónleika í Sveitabúðinni Unu	Sveitabúðin UNA ehf.	860	27.08.2026



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2608066HS	Tækifærisleyfi - Bjórhátíð Ölverks 2026	Ölverk, Breiðumörk 2, Hveragerði - Einfalt ehf.	810	25.08.2026
2608061HS	Tækifærisleyfi - Kjötsúpuhátíð 2026	Guðmundur Jónasson	860	24.08.2026
2608031HS	Tækifærisleyfi - Réttarball uppsveita	Sonus viðburðir ehf.	845	14.08.2026
2608002HS	Tækifærisleyfi til áfengisveitinga, Pílukeppni.	Vestmannaeyjabær	900	04.08.2026
2607183HS	Tækifærisleyfi fjáröflunardansleikur Knattspyrnufélags Rangæinga á Töðugjöldum	Guðmundur Jónasson	850	29.07.2026
2607179HS	Tækifærisleyfi Blóm í bæ	Tónræktin ehf.	810	28.07.2026
2607178HS	Tækifærisleyfi Hamingjan við hafið 2026	Tónræktin ehf.	815	28.07.2026

Afgreiðsla staðfest

f. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála ***Skipulagsmál***

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2609046HS	Nr. 10592026 - Grásteinn deiliskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	11.09.2026
2609044HS	Nr. 10352026 - Bílastæði við Hamragarða - deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	11.09.2026
2609043HS	Nr. 10362026 - Sel í Landeyjum deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	11.09.2026
2609042HS	Nr. 10372026 - Ytra-Seljaland, frístundabyggð í norðan við þjóðveg deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	11.09.2026
2609041HS	Nr. 10382026 - Hólmalækur deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	11.09.2026
2609040HS	Nr. 10412026 - Vin, úr landi Hvamms - deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	11.09.2026
2609039HS	Nr. 10422026 - Dufþaksbraut 6-8 deiliskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	11.09.2026
2609038HS	Nr. 10442026 - Tangagljúfur og Háagljúfur - AT6, ÍB36 og VÞ20 óveruleg aðalskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	11.09.2026
2609037HS	Nr. 10452026 - Hvammsvirkjun br á deiliskipulagi	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	11.09.2026
2609036HS	Nr. 08442026 - Höfðabrekka deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	11.09.2026
2609035HS	Nr. 10262026 deiliskipulag, endurskoðun - Víkurheiði - AT5 -	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	11.09.2026
2608093HS	Nr. 0851/2026 - Holt 2 - aðalskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	31.08.2026
2608092HS	Nr. 10082026 - Snjallsteinshöfði 1C - nýtt deiliskipulag (endurauglýsing)	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	31.08.2026
2608091HS	Nr. 1005/2026 - Kvíanes L239311, Efri-Brú Kvíanes 4 L238165, frístundabyggð-nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	31.08.2026
2608090HS	Nr. 0976/2026 - Sigöldustöð - deiliskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	31.08.2026
2608089HS	Nr. 0973/2026 - Ásgarður L168229, Giljatunga og Borgarbrún - deiliskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	31.08.2026
2608088HS	Nr. 0972/2026 - Silfurtún L166897, skilgreining svæðis - deiliskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	31.08.2026



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2608087HS	Nr. 09712026 - Langholt 2 L166249, skilgreining svæðis - nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	31.08.2026
2608086HS	Nr. 0944/2026 - Minni-Vellir, aðkomuvegur af Landvegi að Stóru-Völlum - aðalskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings ytra	850	31.08.2026
2608085HS	Nr. 09412026 - Fossengi úr landi Brúar við Auraveg - nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings eystra	860	31.08.2026
2608084HS	Nr. 0939/2026 - Jónstún Kirkjubæjarklaustri - nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	31.08.2026
2608083HS	Nr. 0934/2026 - Selfosslína 1 - aðalskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	31.08.2026
2608082HS	Nr. 09332026 - Rauðilækur 3 - nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	31.08.2026
2607177HS	Nr. 08862026 Ægissíða 2, Rangárstígur 9. br á dsk,	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings ytra	850	28.07.2026

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

Umhverfismál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2609045HS	Nr. 10572026 - Efnistaka í Eyrarbakka fjöru - náma E2 Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu	Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	11.09.2026

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

g) Rekstraryfirlit

Rekstraryfirlit – dags. 15. sep. 2026 til kynningar

2. Úr eftirliti

a. Pure North Recycling, Sunnumörk 4, Hveragerði – eftirfylgni

Pure North Recycling ehf. rekur endurvinnslu úrgangsplasts að Sunnumörk 4 í Hveragerði. Starfsleyfi fyrirtækisins var endurskoðað árið 2019 í kjölfar verulegrar aukningar á umfangi starfseminnar og breytinga á vinnsluáðferðum. Í starfsleyfinu voru m.a. sett skýr skilyrði um hámarks magn brennanlegs efnis á lóð, brunahólfun og fyrirkomulag geymslu. Heimilt er að geyma allt að 320 tonn af brennanlegu efni á lóðinni og skal það geymt í skilgreindum og afmörkuðum brunahólum, að hámarki 40 tonn í hverju hólfi. Í eftirfylgniheimsókn þann 16. september 2026 komu fram upplýsingar sem byggingafulltrúi Hveragerðisbæjar lagði fram með útreikningum verkfræðistofu á magni á lóð fyrirtækisins að á lóðinni sé 493 tonn af brennanlegu efni. Samkvæmt brunahönnun má stöflunarhæð ekki fara yfir 1,5 m en flestar stæðurnar voru hærri þennan dag.

Um nokkurt skeið hafa borist ítrekaðar kvartanir vegna áhrifa starfseminnar á nærumhverfið, m.a. vegna ólyktar, hávaða og titrings, auk þess sem eftirlit hefur leitt í ljós frávik vegna umgengni, foks og plastmengunar í fráveitu. Þá hafa Brunavarnir Árnessýslu ítrekað gert alvarlegar athugasemdir við magn og fyrirkomulag plasts á lóðinni og talið verulega sambrunahættu til staðar.



Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur kynnt sér stöðu málsins og niðurstöðu eftirfylgni eftirlits Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 16. september 2026. Nefndin lítur málið alvarlegum augum og telur óásættanlegt að ítrekuð frávik frá starfsleyfisskilyrðum og kröfum um brunavarnir hafi ekki verið lagfærð með fullnægjandi og varanlegum hætti þrátt fyrir ítrekaðar kröfur og fresti til úrbóta.

Heilbrigðisnefnd staðfestir þá áminningu og skriflegu aðvörun sem rekstraraðila hefur verið send og felur Heilbrigðiseftirliti Suðurlands að fylgja málinu eftir án frekari tafa. Verði ekki sýnt fram á fullnægjandi úrbætur innan veitts frests skal málið tekið til ákvörðunar um beitingu frekari þvingunarúrræða samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, þ.m.t. takmörkun eða stöðvun starfseminnar og, eftir atvikum, afturköllun starfsleyfis.

b. Orkusjálfbærni ehf. – Olíusöfnun í Vík og Reynisbrekku

Bókun:

Ísáð er til bréfs Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 28. júlí 2026 til Orkusjálfbærni ehf og bréfs dags. 5. ágúst 2026 á eiganda Reynisbrekku, þar sem tilkynnt var um fyrirhugaðar þvingunaraðgerðir sbr. lög nr. 7/1998. Lokafrestur var veittur til 24. ágúst 2026.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fól Heilbrigðiseftirliti Suðurlands að fylgja málinu eftir en samkvæmt vettvangseftirliti þann 17. september 2026 hefur ekkert verið aðhafst. Hér með er farið fram á að hreinsun umræddra lóða fari fram fyrir 25. september 2026, að öðrum kosti verður farið í hreinsun á kostnað lóðarhafa.

c. Björkin, Hvolsvelli

Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur kynnt sér niðurstöður eftirlits með starfsemi Bjarkarinnar ehf., Austurvegi 10, Hvolsvelli. Við eftirlit 30. júní 2026 voru gerðar kröfur um úrbætur vegna 15 skoðunaratriða, þar af sjö alvarlegra frávika. Við eftirfylgniskoðun 9. september 2026 kom í ljós að verulegum hluta úrbóta hafði ekki verið sinnt og voru þá skráð 20 frávik, þar af tíu alvarleg. Meðal annars var innra eftirlit ekki virkt, þrifum og meindýravörnum ábótavant, hitastigsskráningar vantaði og frávik komu fram varðandi meðferð og merkingar matvæla.

Heilbrigðisnefnd staðfestir áminningu sem rekstraraðila var veitt með bréfi dags. 15. september 2026 og kröfu um að öllum alvarlegum frávikum verði komið í fullnægjandi horf eigi síðar en **22. september 2026**.

Nefndin felur Heilbrigðiseftirliti Suðurlands að fylgja úrbótum eftir án tafar. Verði ekki sýnt fram á fullnægjandi úrbætur innan tilskilins frests verði gripið til frekari þvingunarúrræða í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar á meðal eftir atvikum takmörkunar eða stöðvunar starfsemi.

d. Greenkey ehf. þvottahús, Austurvegi 35, Selfossi

Heilbrigðisnefnd Suðurlands ítrekar fyrri kröfur vegna reksturs þvottahúss Greenkey ehf. í kjallara Bellahótel. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.



e. Byggðasamlagið Oddi bs v/Leikskólinn Laugalandi

Heilbrigðisnefnd gerir alvarlegar athugasemdir við að húsnæði deildanna Ása og Lands við leikskólann á Laugalandi hafi verið tekið í notkun áður en framkvæmdum og nauðsynlegum frágangi þess var lokið.

Við úttekt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 9. september sl. var húsnæðið metið langt frá því að vera fullfrágengið og ekki fullnægjandi til starfsemi leikskóla. Nefndin telur óásættanlegt að húsnæði sem ætlað er ungum börnum sé tekið í notkun við slíkar aðstæður og áréttar ábyrgð rekstraraðila á að tryggja öryggi, hollustuhætti, hreinlæti og fullnægjandi aðbúnað.

Heilbrigðisnefnd gerir kröfu um að rekstraraðili ljúki þegar við nauðsynlegar úrbætur og tryggi að húsnæðið uppfylli að fullu þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Heilbrigðiseftirlitinu er falið að fylgja málinu eftir og grípa til viðeigandi úrræða verði ekki orðið við kröfum innan tilskilins frests.

f. Konungskaffi ehf. Selfossi

Heilbrigðisnefnd Suðurlands kynnti sér niðurstöður eftirfylgni eftirlits hjá Konungskaffi ehf. þann 14. september 2026. Við eftirlitið kom í ljós að nokkur þeirra frávika sem gerðar höfðu verið athugasemdir við í eftirliti 31. ágúst höfðu ekki verið lagfærð og voru átta atriði flokkuð sem endurtekin alvarleg frávik.

Nefndin telur óviðunandi að kröfum um úrbætur hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti, þrátt fyrir fyrri fyrirmæli. Rekstraraðila hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða áminningu samkvæmt 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og gefinn kostur á að koma að andmælum og gögnum fyrir 1. október nk.

Heilbrigðiseftirliti Suðurlands falið að ljúka málsmeðferð að liðnum andmæla fresti og, verði ekki sýnt fram á fullnægjandi úrbætur, beita þeim þvingunarúrræðum sem heimild stendur til samkvæmt lögum nr. 93/1995, að gættu meðalhófi.

3. Aðsend erindi:

a. Varmá og Þorleifslækur - staða fráveitumála í Hveragerði og fyrirhuguð baðstarfsemi

Framkvæmdastjóri kynnti nýjustu niðurstöður mánaðarlegra örverugreininga úr Varmá og Þorleifslæk og fór yfir stöðu fráveitumála í Hveragerði. Jafnframt var lagt fram erindi Veidifélags Varmár og Þorleifslækjar vegna áforma um rekstur Hveragusu við Varmá, þar sem m.a. er gert ráð fyrir að gestir nýti ána til kælingar í tengslum við gufubaðsstarfsemi.

Bókun:

Á síðasta fundi nefndarinnar var kynnt Minnisblað Hveragerðisbæjar dags. 3. júlí sl. sem varðaði stöðu fráveitumála í Hveragerði. Þar var rakin í stuttu máli saga skólphreinsistöðvar Hveragerðisbæjar sem var tekin í notkun 2002. Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að búnaðurinn ræður ekki lengur við verkefnið. Árið 2023 var ákveðið að veiðar í ánni væru óheimilar vegna örverumengunar. Í minnisblaðinu kom jafnframt fram að umfang



stækkunar skólphreinsistöðvarinnar úr 4.400 í 10.000 persónueiningar kalli á fyrirspurn um umhverfismatsskyldu. Niðurstöður Skipulagsstofnunar bárust þann 30. júlí sl. á þann veg að ekki sé þörf á umhverfismati.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands ítrekar fyrri bókanir sínar um að ástand fráveitumála og vatnsgæða í Varmá neðan skólphreinsistöðvar er óviðunandi og að brýnt sé að úrbótum verði hraðað. Nýjustu niðurstöður örverumælinga gefa áfram tilefni til sérstakrar varúðar varðandi beina snertingu fólks við vatn árinna.

Í ljósi fyrirbyggjandi gagna telur nefndin ekki forsvaranlegt að svo stöddu sé gert ráð fyrir skipulagðri baðnotkun í Varmá í tengslum við atvinnustarfsemi, nema sýnt verði fram á með fullnægjandi gögnum að vatnsgæði á viðkomandi stað uppfylli þær kröfur sem gera verður með tilliti til heilbrigðis og öryggis baðgesta. Jafnframt er bent á að um starfsleyfissskylda starfsemi er að ræða sem gera m.a. kröfur um hreinlætisaðstöðu á borð við salerni og sturtur, með vísun í álit Umhverfis- og orkustofnunar dags. 17. apríl 2026 og nýlegan úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. september 2026 sjá slóð: <https://uua.is/urleits/uua2608008-saekot/>

Nefndin felur Heilbrigðiseftirliti Suðurlands að koma þessari afstöðu á framfæri við Hveragerðisbæ og svara erindi Veiðifélags Varmár og Þorleifslækjar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum frá Hveragerðisbæ um stöðu og tímasetta áætlun vegna úrbóta í fráveitumálum.

b. Kvartanir vegna umferðarhávaða við Suðurhóla, Selfossi

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur farið yfir svar Sveitarfélagsins Árborgar og framlögð fylgigögn vegna umferðarhávaða við Suðurhóla. Nefndin bendir á að niðurstöður hljóðvistarreikninga sýna að umferðarhávaði við Suðurhóla getur verið yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og að mælingar sýna að raunhraði ökutækja er enn verulega yfir leyfilegum hámarkshraða á hluta götunnar.

Nefndin fagnar fyrirhuguðum hraðalækkandi aðgerðum og því að nýjar umferðarmælingar verði framkvæmdar að þeim loknum. Málinu telst þó ekki lokið fyrr en niðurstöður þeirra liggja fyrir og metið hefur verið hvort aðgerðirnar nægi til að tryggja ásættanlega hljóðvist. Verði viðmiðunarmörkum ekki náð verði gripið til frekari aðgerða, svo sem frekari hraðatakmarkandi aðgerða, stýringar þungaumferðar og/eða hljóðvarna.

Heilbrigðiseftirlitinu er falið að fylgja málinu eftir og leggja niðurstöður nýrra mælinga og upplýsingar um frekari aðgerðir fyrir nefndina þegar þær liggja fyrir.

c. Handlaugar í gistiheimili Víkurbraut 24b, Vík

Móttekin beiðni um undanþágu frá kröfum um handlaugar á herbergjum gistiheimilis.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fellst á undanþágu í samræmi við innsendar teikningar. Sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti þar sem segir í fjórðu mgr:

„Handlaug skal vera í herbergi, sé ekki fullbúin baðaðstaða eða fullbúin snyrting í gistiherbergi. Heilbrigðisnefnd getur þó, að fenginni beiðni frá hlutaðeigandi rekstraraðila, veitt rekstraraðila skriflegt leyfi til að hafa handlaug við herbergi þar sem sérstökum vandkvæðum er bundið að hafa hana í herberginu sjálfu svo sem vegna aldurs hússins eða



hönnunar. Í leyfinu skal kveða á um gildistíma þess og þau skilyrði sem leyfið er háð. Kveða skal á um framangreint í starfsleyfi þar sem við á. Ekki er skylt að hafa handlaug í eða við gistiherbergi á minni gistiheimilum, þ.e. gististöðum með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út fimm eða færri herbergi eða einungis er rými fyrir tíu einstaklinga eða færri.“

4. Önnur mál

a. Fráveitumál við Þingvallavatn – staðan á Icwater

Kynnt var staða LIFE Icwater verkefnis HSL um þróun og innleiðingu samþykktarferlis fyrir smærri skólphreinsivirki í dreifbýli, með sérstakri áherslu á fráveitur við Þingvallavatn.

Unnið hefur verið markvisst að því að skrá stöðu fráveitna, upplýsa fasteignaeigendur um kröfur, kalla eftir úrbótum og einfalda umsóknar- og samþykktarferli. Verkefnið hefur reynst umfangsmikið og samskipti og eftirfylgni við einstaka lóðahafa tímafrek.

Jafnframt hefur verið unnið að tillögu að samræmdu samþykktarferli þar sem umsóknir fari um eina þjónustugátt til viðeigandi stjórnvalda. Vegna fyrirhugaðs flutnings verkefna heilbrigðiseftirlita til ríkisins þarf nú að tryggja framhald þessa verkefnis og taka afstöðu til þess hvernig því verður fram haldið eftir áramót.

b. 57 reglugerðabreytingar í samráðsgátt <https://island.is/samradsgatt/mal/4260>

Til kynningar – ekkert hefur frést af afgreiðslu þessara reglugerða sem þó eru mikilvægar vegna samþykktar sveitarfélaga o.fl. Mála tengdum sveitarfélögunum.

c. Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits og staða starfsfólks

Bókun:

Fulltrúar Umhverfis- og orkustofnunar, atvinnuvegaráðuneytisins og KPMG funduðu með starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins í lok ágúst. Í kjölfarið var framkvæmd könnun á áhuga starfsfólks á störfum hjá Umhverfis- og orkustofnun og Stofnun atvinnuveganna. Þrátt fyrir þetta liggja enn ekki fyrir skýrar upplýsingar um endanlegan fjölda starfa, staðsetningu starfsstöðva, starfslýsingar, launakjör eða aðra lykilþætti sem ráða framtíð starfsfólks. Nú liggur fyrir að starfsfólki tiltekinnna heilbrigðiseftirlitssvæða verði sagt upp störfum fyrir lok september. Heilbrigðisnefnd telur því afar brýnt að hlutaðeigandi starfsmenn fái án frekari tafar skýrar og skriflegar upplýsingar um hvort þeim verði boðið starf, hvar starfið verði staðsett og á hvaða kjörum.

Heilbrigðisnefnd skorar á ráðherra og hlutaðeigandi ríkisstofnanir að standa við þau áform sem kynnt voru Alþingi og ljúka ráðningarferlinu áður en uppsagnir koma til framkvæmda. Jafnframt verði starfsfólki og viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðum þegar í stað gerð grein fyrir tímasetningu og næstu skrefum ferlisins.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands felur framkvæmdastjóra að segja upp húsnæði embættisins að Austurvegi 65a, 800 Selfossi og Ægisgötu 2, 900 Vestmannaeyjum. Framkvæmdastjóra er einnig falið að segja upp öllu starfsfólki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir 30. september



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

n.k. Formanni er falið að segja framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurlands upp störfum frá og með sama tíma.

Stjórn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands harmar þá stöðu sem upp er komin en sér sér ekki annað fært því Alþingi hefur með lagasetningu lagt niður störf heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga í núverandi mynd frá 1. janúar 2027. Nefndin þakkar framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir gott samstarf.

d. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Aðalfundur verður haldinn þann 30. október 2026 að Hótel Lóu, Hvolsvelli, í tengslum við Ársþing SASS. Dagskrá lögð fram til kynningar ásamt tillögu heilbrigðisnefndar vegna endurskoðunar reikninga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

Guðrún S. Magnúsdóttir
Fjóla St. Kristinsdóttir
Örn Friðriksson
Sigrún Guðmundsdóttir

Páll Tómasson
Kjartan Ólafsson
Sigurður Rafn Hilmarsson

